

Samþykkt um fræðslu fyrir trúnaðarmenn KÍ

5. þing KÍ haldið 6. - 8. apríl 2011 samþykkir að beina því til stjórnar KÍ að halda áfram að skipuleggja fræðslu fyrir trúnaðarmenn og tengiliði KÍ um mikilvæg réttinda- og hagsmunamál. Við skipulagningu fræðslu og gerð fræðsluefnis verði höfð hliðsjón af tillögum starfshóps um eflingu samstarfs aðildarfélaganna sem kynntar voru á ársfundi KÍ 2009 og samstarf haft um þetta m.a. við siðaráð, vinnuumhverfisnefnd og jafnréttisnefnd KÍ og aðildarfélög KÍ.

Stjórn KÍ er heimilt að veita fjármunum til fræðslustarfs skv. fjárhagsáætlun KÍ fyrir næsta tímabil.

Greinargerð:

Fjórdi þing KÍ árið 2008 samþykkti eftirfarandi ályktun um eflingu samstarfs aðildarfélaganna:

„Ályktun um eflingu samstarfs aðildarfélaganna

Fjórdi þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 hvetur aðildarfélögin til að efla eftir því sem kostur er samstarf sín á milli. Þingið bendir í því sambandi á hagkvæmni þess að skipuleggja í sameiningu ráðstefnur og námskeið um mál er varða réttindi og skyldur félagsmanna svo sem um lífeyrismál, veikindarétt, fæðingarorlof, tryggingar og fleira. Þingið fagnar þeim skrefum sem aðildarfélögin hafa stigið í þá átt að halda aðalfundi og ársfundi á sama stað og á sama tíma og nýta með því hagkvæmni stærðarinnar. Þingið hvetur til áframhalds á þeirri braut.“

Starfshópur á vegum stjórnar KÍ vann upp tillögur á grundvelli þessarar þingsamþykktar um fræðslu til trúnaðarmanna og annarra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin, sjá lið 2 í meðfylgjandi fylgiskjali. Kynnti starfshópurinn tillögurnar á ársfundi KÍ 2009. Á grundvelli þessa gekkst KÍ í marsmánuði 2010 fyrir fundaröð meðal trúnaðarmanna á öllum skólastigum undir yfirskriftinni KÍ á „trúnó“. Fundir voru haldnir víðsvegar um landið og var þátttaka yfirleitt góð. Efni fundanna var margþætt en teknir voru fyrir þættir eins og:

- Uppbygging og starfsemi KÍ og félaganna,
- hlutverk trúnaðarmanna, réttindi þeirra og skyldur,
- starfsumhverfismál,
- Virk, starfsendurhæfingarsjóður,
- nokkrar niðurstöður úr skýrslu OECD um menntamál frá 2009,
- launakannanir og samanburður kennaralauna,
- Stöðugleikasáttmálinn og kjarasamningar,
- lífeyrissjóðamál og Framtakssjóður Íslands,
- skólastarf, fagmennska og samtakamáttur.

Miðað við mat þátttakenda á fundunum er ekki annað að sjá en að þeir hafi mælst vel fyrir.